

## Hjörtur Örn Eysteinnsson

---

**From:** Hjörtur Örn Eysteinnsson  
**Sent:** mánudagur, 22. maí 2023 11:46  
**Subject:** Hækkun á jafnaðartaxta vegna NPA samninga  
**Attachments:** 2022-2024 - Kjarasamningur NPA miðstöðvarinnar við Eflingu og SGS um hvíldarvaktir.pdf; 2022-2024 - Kjarasamningur NPA miðstöðvarinnar við Eflingu og SGS.pdf; Jafnaðartaxti 2023.pdf

Góðan dag,

NPA miðstöðin hefur á undanförunum árum reiknað út jafnaðartaxta NPA samninga fyrir sveitarfélög. Jafnaðartaxtinn er reiknaður út frá kjarasamningi NPA aðstoðarfólks og þeim opinberu gjöldum sem leggjast á laungreiðendur hverju sinni.

Nýr kjarasamningur vegna NPA aðstoðarfólks var undirritaður þann 9. maí sl. og samþykktur af félagsfólki Eflingar og NPA miðstöðvarinnar í atkvæðagreiðslum þann 19. maí og 20. maí sl. NPA miðstöðin hefur nú tekið saman útreikninga á jafnaðartaxta NPA samninga sem hafa sama gildistíma og hinir nýju kjarasamningar, þ.e. frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Meðfylgjandi er útprent af reiknilíkani sem NPA miðstöðin notar fyrir útreikningana og forsendur þeirra auk afrits kjarasamnings fyrir NPA aðstoðarfólk.

Taxtarnir eru eftirfarandi:

**Grænn taxti:** Jafnaðartaxti sólarhringssamninga, frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 – 7.822 kr.

**Gulur taxti:** Jafnaðartaxti sólarhringssamninga með hvíldarvöktum, frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 – 6.982 kr.

**Blár taxti:** Jafnaðartaxti NPA samninga án næturvakta, frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 – 7.160 kr.

NPA miðstöðin hvetur sveitarfélög til þess að kynna sér útreikninga NPA miðstöðvarinnar vel og koma með athugasemdir ef einhverjar eru. Hafi sveitarfélagið einhverjar spurningar varðandi útreikningana eða taxtana almennt má beina þeim til undirritaðs.

NPA miðstöðin óskar vinsamlegast eftir því að sveitarfélög aðlagi framlög sín til NPA samninga þegar í stað til samræmis við framangreinda útreikninga, eða leggi fram eigin útreikninga á töxtum sem skulu gilda frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024, með vísan til kjarasamnings umsýsluáðila vegna NPA aðstoðarfólks, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð og gr. 10.1 í samstarfssamningi NPA miðstöðvarinnar við sveitarfélög.

Athygli er vakin á því að kjarasamningurinn er afturvirkur, sem þýðir að NPA notendur þurfa að gera upp afturvirkar launahækkanir gagnvart aðstoðarfólki. Þetta þýðir að sveitarfélög þurfa að uppfæra taxtana sína afturvirkt frá 1. nóvember 2022. Þar sem um nokkuð háar fjárhæðir er að ræða fyrir NPA notendur og NPA miðstöðina óskar miðstöðin eftir því að sveitarfélög hraði afgreiðslu á þessum hækkunum eins og frekast er unnt, eða fyrir 12. júní nk.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Kveðja,

# HJÖRTUR ÖRN EYSTEINSSON

Framkvæmdastjóri



**Samvinnufélag fatlaðs fólks með  
notendastýrða persónulega aðstoð**

NPA MIÐSTÖÐIN

Urðarhvarf 8, 203 Kópavogur

Sími +354 567 8270

[www.npa.is](http://www.npa.is)

[Facebook](#)